

Ed.

310. Nefndarálit

[198. mál]

um frv. til l. um breyt. á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Minni hl. leggur til að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að láta vinna frumvarpið betur þannig að ný tollskrá geti tekið gildi frá og með 1. mars nk. Verði málið þá tekið fyrir til eðlilegrar meðferðar á þinginu eftir hátíðar. Stjórnarandstöðuflokkarnir lýsa sig reiðubúna til þátttöku í vinnu við málið í jólaleyfi þingmanna ef nauðsyn krefur og óskað verður eftir. Stjórnarandstöðuflokkarnir telja óhjákvæmilegt að gildistöku nýrrar tollskrár verði flýtt en meðferð málsins verður að vera vönduð.

Fari svo að meiri hl. felli þá tillögu sem birtist hér í nefndarálitinu áskilur minni hl. sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við einstakar greinar frumvarpsins þegar málið kemur til þriðju umræðu.

Fjórutíu breytingartillögur.

Það sýnir best hvað mál þetta er illa undirbúið að meiri hl. nefndarinnar telur sig strax á byrjunarstigi nauðbeygðan til þess að flytja yfir 40 breytingartillögur við frumvarpið sem þó hefur ekki verið lengur en eina viku til meðferðar á þinginu. Minni hl. lagðist gegn því að málið yrði afgreitt úr nefndinni svo fljótt eftir aðeins nokkurra sólarhringa vinnu.

Hagsmunaaðilum mismunað.

Minni hl. telur að í þeim viðtölum, sem nefndin hefur átt við alls konar aðila, hafi komið fram margt athyglisvert sem kalli á nánari skoðun. Eitt hið athyglisverðasta var það að ríkisstjórnin hefur gert sig seka um *stórfellda mismunun gagnvart aðilum utan þings sem þurfa að fjalla um mál eins og þetta*. Gleggsta dæmið er það að Félag íslenskra stórkaupmanna, Kaupmannasamtökin, Verslunarráð Íslands og Félag íslenskra iðnrekenda virðast hafa haft málið til meðferðar í þrjár vikur áður en Alþingi fékk að fjalla um það. Hefur fjármálaráðuneytið staðið í viðræðum við fulltrúa verslunarinnar og iðnrekenda um málið. Aðrir augljósir hagsmunaaðilar eins og Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Stéttarsamband bænda og Samband íslenskra samvinnufélaga fengu ekki tækifæri til þess að fylgjast með gangi mála fyrr en stjórnarandstaðan krafðist þess að fulltrúar þessara aðila yrðu kallaðir fyrir fjárhags- og viðskiptanefnd efri deildar.

8750 milljónir í nýja skatta.

Minni hl. telur að skoða beri þetta mál í tengslum við heildarálögur ríkisstjórnarinnar í skattamálum sem ákveðnar hafa verið á undanförunum mánuðum. Þessar álögur eru sem hér segir:

1. Við myndun ríkisstjórnarinnar 3700 millj. kr. á ári.
2. Við framlagningu fjárlagafrumvarps í október alls um 2000 millj. kr.
3. Við meðferð fjárlaga við 2. umr. þeirra 2050 millj. kr.
4. Auk þess gerir ríkisstjórnin ráð fyrir því að viðtækari söluskattsstofn skili 400 millj. kr. í heildartekjur og að veltubreytingar milli ára skili um 600 millj. kr. *Samtals er hér um að ræða auknar tekjur sem nema 8750 millj. kr.*

Það er svo ein afleiðingin af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar að gífurleg verðþensla hefur átt sér stað þannig að fasteignamat hækkar um 50 milljarða króna umfram verðlagsforsendur sem þýðir auknar tekjur sveitarfélaga auk þess sem raungildi útsvara mun hækka á næsta ári.

Heildarskattgreiðslur verða því stærra hlutfall af vergri landsframleiðslu en áður hefur verið um að ræða á síðustu 20 árum eða svo. *Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk frá Þjóðhagsstofnun í síðustu viku verða skatttekjur ríkisins á næsta ári um 24,7% af landsframleiðslu sem er hæsta hlutfall á tveimur áratugum.*

Með tilliti til þess, sem á undan segir, gerir minni hl. tillögu um að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Stjórnarandstaðan treystir sér ekki til þess að bera neina ábyrgð á hroðvirknislegri meðferð þessa máls þar sem Alþingi er sýnd einstök óvirðing og telur eðlilegra að málið fái ítarlegri meðhöndlun og komi á ný fyrir Alþingi eftir háttíðar svo að það megi afgreiða þannig að ný tollskrá taki gildi fyrir 1. mars nk.

Guðrún Agnarsdóttir hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar og stendur að þessu álitum minni hl.

Alþingi, 16. des. 1987.

Svavar Gestsson,
frsm.

Júlíus Sólnes.